



Alþýðusamband Íslands

Reykjavík 5. október 2021

Jafnlaunastefna ASÍ

Alþýðusambandið skuldbindur sig til að greiða jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og sambærilega frammistöðu óháð kyni í samræmi við 6. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Alþýðusambandið hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni.

Alþýðusambandið greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og tekur mið af þeim kröfum sem störf gera. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjarasamninga, studdar rökum og tryggi að jöfn laun séu greidd fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Til að framfylgja jafnlaunastefnu skuldbindur Alþýðusambandið sig til að:

- Innleiða vottað jafnlaunastjórnunarkerfi sem byggist á staðlinum ÍST 85, skjalfesta kerfið, viðhalda því og bæta stöðugt.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist óútskýrður munur á launum.
- Kynna niðurstöður launagreiningar sem er til úttekta vottunaraðila fyrir starfsfólki að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða.
- Bregðast við frábrigðum með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Framkvæma innri úttekt á öllum útgefnum skjölum sem tilheyra jafnlaunastjórnunarkerfi eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
- Halda árlega rýni stjórnenda þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta hlítni við lög.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsfólki Alþýðusambandsins og skal stefnan einnig vera aðgengileg á ytri vef Alþýðusambandsins.

Jafnlaunastefna og er á ábyrgð framkvæmdastjóra. Sviðsstjóri fræðslu og þekkingar er fulltrúi jafnlaunastjórnunarkerfis og skal starfsfólk leita til hans með athugasemdir eða fyrirspurnir.